



Starfs- og siðareglur

Starfsfólk og birgjar



Yfirlit

1 Inngangur

- 101 Orð frá forstjóra
- 102 Framtíðarsýn
- 103 Af hverju starfs- og siðareglur?
- 104 Hverjum ber að fylgja starfs- og siðareglum?
- 105 Leiðum með fordæmi og brot á starfs- og siðareglum

2 Sjálfbærni áhrif á samfélagið

- 201 Fjölbreytileiki og jafnrétti
- 202 Mannréttindi
- 203 Áhrif á umhverfið
- 204 Stjórnarhættir
- 205 Öryggi- heilsa og vinnuvernd
- 206 Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

- 301 Viðskiptavinir
- 302 Birgjar
- 303 Gæða- og matvælaöryggi
- 304 Ábyrg markaðssetning
- 305 Samkeppnislög
- 306 Stefna gegn mútum og spillingu
- 307 Viðskiptagjafir
- 308 Upplýsingaöryggi
- 309 Persónuvernd
- 310 Hver svarar fjölmiðlum?
- 311 Samfélagsmiðlar

1 Inngangur



Starfs- og siðareglur þessar eru leiðarljós í því hvernig við tökum ákvarðanir sem styðja við **framτίðarsýn** og **gildi** fyrirtækisins

Við höfum þá framτίðarsýn að vera fyrsta val allra okkar hagaðila. Við erum keppnis og gerum hlutina fyrr og betur en aðrir og leggjum metnað í að skapa eftirsóttan vinnustað. Gildin okkar og stefna eru lykillinn að því hvernig við vöxum með sjálfbærum og ábyrgum hætti til lengri tíma.

Starfs- og siðareglur þessar eru leiðarljós í því hvernig við tökum ákvarðanir sem styðja við framτίðarsýn og gildi fyrirtækisins. Þær taka til alþjóðlegra viðmiða um starfs- og siðareglur. Okkar viðskiptavinir, birgjar og aðrir hagaðilar vita við hverju má búast af okkur og eru þær skuldbinding til okkar starfsfólks, viðskiptavina, UN Global Compact og annarra UFS þátta.

Starfsfólk getur nýtt sér starfs- og siðareglur þessar þegar upp koma erfiðar aðstæður. Þær ná til alls starfsfólks Ölgerðarinnar og birgja og leiðbeina okkur í daglegum verkefnum.




1 Inngangur

- 101 Orð frá forstjóra
- 102 Framτίðarsýn
- 103 Af hverju starfs- og siðareglur?
- 104 Hverjum ber að fylgja starfs- og siðareglum?
- 105 Leiðum með fordæmi og brot á starfs- og siðareglum



Framtíðarsýn

Hjá Ölgerðinni er framtíðarsýnin fyrsta val; við ætlum að vera fyrsta val viðskiptavina, fyrsta val neytenda, fyrsta val starfsfólks og fyrsta val allra hagaðila. Allt sem við gerum og þær ákvarðanir sem við tökum snúa að því að ná fram þessari framtíðarsýn.



1 Inngangur

- 101 Orð frá forstjóra
- 102 Framtíðarsýn
- 103 Af hverju starfs- og siðareglur?
- 104 Hverjum ber að fylgja starfs- og siðareglum?
- 105 Leiðum með fordæmi og brot á starfs- og siðareglum

Af hverju starfs- og siðareglur?

Hjá Ölgerðinni er framtíðarsýnin fyrsta val, við ætlum að vera fyrsta val viðskiptavina, fyrsta val neytenda, fyrsta val starfsfólks og fyrsta val allra hagaðila. Allt sem við gerum og þær ákvarðanir sem við tökum snúa að því að ná þessari framtíðarsýn.

Við lifum gildin okkar og þau marka hegðanir okkar og ákvarðanir



JÁKVÆÐNI

Við erum jákvæð fyrir breytingum og finnst gaman í vinnunni

Við erum ein liðsheild og allir leggja sitt að mörkum til að ná markmiðum fyrirtækisins

ÁREIÐANLEIKI

Viðskiptavinir og samstarfsaðilar geta treyst okkur

Gæði vöru og þjónustu eru fyrsta flokks

HAGKVÆMNI

Við vinnum stöðugt að umbótum í ferlum og rekstri

Við leitum alltaf hagkvæmnustu leiða í innkaupum, fjárfestingum og rekstri

FRAMSÆKNI

Við ætlum alltaf að vera feti framar í þjónustu, nýjungum og vöruúrvali

Við erum fljót að taka ákvarðanir og látum hlutina gerast

Við þorum að taka áhættur og gera mistök en lærum af þeim

1 Inngangur

- 101 Orð frá forstjóra
- 102 Framtíðarsýn
- 103 Af hverju starfs- og siðareglur?
- 104 Hverjum ber að fylgja starfs- og siðareglum?
- 105 Leiðum með fordæmi og brot á starfs- og siðareglum

Hverjum ber að fylgja starfs- og siðareglum?

Starfsfólki og stjórn Ölgerðarinnar ber að fylgja siðareglunum. Þær gilda fyrir allt starfsfólk bæði í hlutastarfi og fullu starfi og á öllum stöðum í fyrirtækinu. Starfsfólki og stjórn Ölgerðarinnar ber að lesa siðareglurnar og samþykka þær.

Allir birgjar og aðrir sem koma að því að vinna verk í virðiskeðjunni, hvort sem um ræðir birgja, verktaka, ráðgjafa eða aðra, verða einnig að fylgja siðareglum Ölgerðarinnar.

Hver er mín ábyrgð?

Sem starfsmaður ber þér að fylgja siðareglum og stefnum Ölgerðarinnar og sýna ábyrgð í verki. Við höfum framtíðarsýn fyrirtækisins og gildi ávallt í huga þegar við tökum ákvarðanir.


Sem stjórnandi berð þú aukna ábyrgð á því að ganga á undan með góðu fordæmi. Ef þú ert stjórnandi er ætlast til að þú fylgir siðareglum í hvívetna ásamt því að kynna þær vel fyrir þínu starfsfólki. Þú berð ábyrgð á að búa til umhverfi þar sem starfsfólk þorir að tjá sig og getur unnið eftir siðareglunum.

Sem birgir, lánadrottinn, verktaki, ráðgjafi eða annar þriðji aðili ber þér að skrifa undir siðareglur birgja. Við viljum eiga í ánægjulegum viðskiptum við okkar birgja og tryggja að siðferði sé gætt í allri okkar virðiskeðju.

1 Inngangur

- 101 Orð frá forstjóra
- 102 Framtíðarsýn
- 103 Af hverju starfs- og siðareglur?
- 104 Hverjum ber að fylgja starfs- og siðareglum?
- 105 Leiðum með fordæmi og brot á starfs- og siðareglum





Leiðum með fordæmi

- Er þetta í samræmi við siðareglur?
- Er þetta löglegt?
- Er þetta í samræmi við okkar stefnur?
- Er þetta gott fyrir fyrirtækið í heild sinni, ekki bara ákveðna manneskju eða hóp?
- Liði mér vel ef þetta yrði gert opinbert?

1 Inngangur

- 101 Orð frá forstjóra
- 102 Framtíðarsýn
- 103 Af hverju starfs- og siðareglur?
- 104 Hverjum ber að fylgja starfs- og siðareglum?
- 105 **Leiðum með fordæmi og brot á starfs- og siðareglum**

Brot á starfs- og siðareglum

Hvernig fæ ég aðstoð eða læt vita ef grunur vaknar um brot á siðareglunum?

Starfsfólk getur talað við næsta yfirmann eða sent inn tilkynningu á innri vefnum þar sem gætt er nafnleyndar jahf.is. Birgjar geta talað við sinn tengilið.

Hvernig er ferlið ef tilkynning berst?

Yfirmenn og tengiliðir birgja bera ábyrgð á að fylgja tilkynningunni eftir með viðeigandi hætti.

2 Sjálfbærni áhrif á samfélagið



Fjölbreytileiki og jafnrétti

Markmiðið er að Ölgerðin sé eftirsóttur vinnustaður í huga fólks, við viljum laða að og halda hæfasta starfsfólkinu með hvetjandi fyrirtækjamenningu án fordóma og með áherslu á jafna möguleika.

Við trúum því að blandaður hópur kemst að bestu niðurstöðu, samsetning starfshóps Ölgerðarinnar þarf því að endurspegla samsetningu þjóðarinnar til þess að við höldum framúrskarandi tengslum við hana.

Ölgerðin hefur það að markmiði að vera öðrum fyrirtækjum fyrirmynd í fjölbreytileika.

2 Sjálfbærni áhrif á samfélagið

- 201 Fjölbreytileiki og jafnrétti
- 202 Mannréttindi
- 203 Áhrif á umhverfið
- 204 Stjórnarhættir
- 205 Öryggi- heilsa og vinnuvernd
- 206 Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni



Mannréttindi

Réttindi starfsfólks

Ölgerðin lítur svo á að hver einstaklingur sé jafnborinn til virðingar og réttinda. Félagið skuldbindur sig til að virða almenn mannréttindi í allri sinni starfsemi.

Ölgerðin virðir félagafrelsi og viðurkennir rétt allra til kjarasamninga.

Ölgerðin styður afnám misréttis til vinnu og starfsvals eins og fram kemur í jafnréttisstefnu félagsins.

2 Sjálfbærni áhrif á samfélagið

201 Fjölbreytileiki og jafnrétti

202 Mannréttindi

203 Áhrif á umhverfið


204 Stjórnarhættir

205 Öryggi- heilsa og vinnuvernd

206 Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni

Við hvorki umberum né störfum með fyrirtækjum eða einstaklingum sem umbera:

- Mannréttindabrot annarra
- Ójafnrétti
- Nauðungarvinnu
- Mansal eða þrælahald
- Líkamlegar refsingar
- Ólöglega barnavinnu
- Ólögmeta mismunun
- Óöruggar vinnuaðstæður
- Ójafna meðferð
- Ósanngjörn laun
- Of langan vinnutíma
- Brot á vinnulöggjöf, félagafrelsi, skattgreiðslum eða öðru sem við kemur lögum
- Spillingu



Áhrif á umhverfið

Kolefnishlutleysi

Við erum vaxtarfyriræki og ætlum að stækka með hagkvæmum hætti með aukinni framleiðni, stafrænni þróun og lágmörkun á umhverfisáhrifum. Við erum leiðandi í loftslagsaðgerðum á Íslandi og höfum skrifað undir Science Based Targets sem samræmist markmiði Parísarsamkomulagsins um að halda hækkun hitastigs jarðar innan við 1,5°C til 2030 og að kolefnishlutleysi verði náð fyrir 2040.

Hringrásarhagkerfi

Kapp er lagt á að minnka sóun í öllu ferlum fyrirtækisins með hringrásarhagkerfi í huga. Við hugum að öll ferlinu (hráefni og umbúðir, hönnun, framleiðsla, flutningur, notkun/endurnotkun/viðgerðir/deilipjónusta, söfnun og endurvinnsla).

2 Sjálfbærni áhrif á samfélagið

- 201 Fjölbreytileiki og jafnrétti
- 202 Mannréttindi
- 203 Áhrif á umhverfið**
- 204 Stjórnarhættir
- 205 Öryggi- heilsa og vinnuvernd
- 206 Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni



Stjórnarhættir

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. er hlutafélag sem fengið hefur hlutabréf sín skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Stjórn félagsins telur stjórnarhætti félagsins vera í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, en 6. útgáfa leiðbeininganna var gefin út 2021.

2 Sjálfbærni áhrif á samfélagið

- 201 Fjölbreytileiki og jafnrétti
- 202 Mannréttindi
- 203 Áhrif á umhverfið
- 204 Stjórnarhættir**
- 205 Öryggi- heilsa og vinnuvernd
- 206 Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni



Öryggi, heilsa og vinnuvernd

Stefna Ölgerðarinnar er að tryggja öllum starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Markmiðið er slysalaus vinnustaður en einnig að stuðla að vellíðan og góðri heilsu starfsfólks og um leið að lágmarka fjarvistir vegna veikinda. Til að ná þessu markmiði þurfa allir að vera meðvitaðir um eigin ábyrgð hvað varðar öryggi og vinnuvernd á vinnustaðnum hvort sem um er að ræða stjórnendur, verkstjóra eða starfsfólk.

- Slysalaus starfsemi
- Aðbúnaður á vinnustað miðar að því að viðhalda góðri heilsu og vellíðan starfsmanna
- Starfsfólki er tryggt nauðsynleg þjálfun í öryggismálum og vinnuvernd
- Áhætta er metin í allri starfseminni
- Ábyrgð stjórnenda er skýr og starfsfólk veit að öryggi þess hefur ávallt forgang
- Unnið er að stöðugum umbótum í öryggis-, heilsu- og vinnuverndarmálum
- Hvetja og styrkja starfsfólk til að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl

2 Sjálfbærni áhrif á samfélagið

- 201 Fjölbreytileiki og jafnrétti
- 202 Mannréttindi
- 203 Áhrif á umhverfið
- 204 Stjórnarhættir
- 205 Öryggi- heilsa og vinnuvernd
- 206 Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni



Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni

Brot á stefnu

Starfsmaður sem með orðum, látbragði eða atferli ógnar, truflar eða ögrar öðrum á vinnustað, leggur starfsmann í einelti eða sýnir honum kynferðislega áreitni, telst brjóta grundvallarreglur samskipta á vinnustað.

Slík hegðun getur leitt til áminningar og/eða starfsmissis.

Hvernig læt ég vita?

Komi upp tilvik sem varða áreitni eða einelti er starfsfólk sem fyrir því verður eða verður vitni að slíkum atburðum er hvatt til að leita eftir aðstoð. Leita skal til trúnaðarmanns, stjórnanda eða mannauðsdeildar. Polandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Hægt er að tilkynna með nafnleynd á innri vef fyrirtækisins.

2 Sjálfbærni áhrif á samfélagið

- 201 Fjölbreytileiki og jafnrétti
- 202 Mannréttindi
- 203 Áhrif á umhverfið
- 204 Stjórnarhættir
- 205 Öryggi- heilsa og vinnuvernd
- 206 **Einelti, kynbundin og kynferðisleg áreitni**



3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir



Viðskiptavinir

V.1 stendur fyrir að viðskiptavinurinn er í fyrsta sæti hjá okkur og er nokkurs konar stýrikerfi fyrirtækisins.

V.1 er sambland af ferlum, menningu og aðferðafræðum sem stjórnna því hvernig við vinnum. Samstarf okkar við viðskiptavini er mikilvægast af öllu. Við viljum að heildarupplifun viðskiptavina af samskiptum fari fram úr væntingum þeirra.



Framtíðarsýn okkar er að vera **fyrsta val**

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

- 301 Viðskiptavinir
- 302 Birgjar
- 303 Gæða- og matvælaöryggi
- 304 Ábyrg markaðssetning
- 305 Samkeppnislög
- 306 Stefna gegn mútum og spillingu
- 307 Viðskiptagjafir
- 308 Upplýsingaöryggi
- 309 Persónuvernd
- 310 Hver svarar fjölmiðlum?
- 311 Samfélagsmiðlar

Fyrsta val viðskiptavina og neytenda.

Við setjum viðskiptavini og neytendur í fyrsta sæti og leggjum höfuðáherslu á að þekkja og mæta væntingum þeirra með fagmennsku, vörupróun og framúrskarandi þjónustu. Við trúum því að þetta sé grundvöllur að samkeppnisforskoti og farsælu viðskiptasambandi til langs tíma.

Fyrsta val starfsfólks.

Við drögum að og höldum hæfasta starfsfólkinu með jákvæðri og hvetjandi fyrirtækjamenningu án fordóma og með áherslu á jafna möguleika. Við viljum skapa umhverfi og tækifæri sem gera starfsfólki kleift að vaxa og skara fram úr á sínu sviði. Við hlúum vel að starfsfólki og byggjum upp sterka liðsheild með hugarfar sigurvegara

Fyrsta val birgja.

Við sinnum hverjum birgja eins og hann væri okkar mikilvægasti. Við mætum væntingum þeirra með fagmennsku, áreiðanleika og framúrskarandi samskiptum . Sterkt birgjasamband er grundvöllur að því að verða fyrsta val þeirra erlendu aðila sem vilja selja og markaðssetja vörur sínar á Íslandi.

Fyrsta val fjárfesta.

Við erum framsækið fyrirtæki með metnað til þess að vaxa og ætlum að tryggja okkur forskot á markaði með því að umbylta hvernig við nýtum gögn og upplýsingar. Við höfum skýra framtíðarsýn, leggjum áherslu á sjálfbærni og rekum fyrirtækið með hagkvæmni og ábyrgum stjórnarháttum til þess að skapa aukin verðmæti fyrir alla hagaðila.

Fyrsta val samfélagsins.

Við tökum alltaf mið af því hvaða áhrif ákvarðanir okkar hafa á samfélagið. Við erum fyrirmynd annarra fyrirtækja þegar kemur að sjálfbærni. Við erum næm á þarfir og áskoranir samfélagsins og leggjum okkar af mörkum til að byggja upp betra samfélag.



Birgjar

Samstarf við birgja

Við vinnum með þeim hætti sem lýst er í þessum siðareglum og við viljum vinna með birgjum sem hafi sömu viðmið. Allir birgjar og aðrir sem koma að því að vinna verk í virðiskeðjunni, hvort sem um ræðir birgja, verktaka, ráðgjafa eða aðra verða einnig að fylgja siðareglunum.

Ef þú berð ábyrgð á birgjasambandi þarf að:

- Fá undirskrift birgja á siðareglum (e. code of conducts)
- Ganga úr skugga um að birginn vinni í takt við okkar mannréttindastefnu sem byggir á alþjóðlegum mannréttindasáttmálum
- Áhættumeta birgja og framkvæma birgjamat samkvæmt verklagsreglu um birgjamat

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

301 Viðskiptavinir

302 Birgjar

303 Gæða- og matvælaöryggi

304 Ábyrg markaðssetning

305 Samkeppnislög

306 Stefna gegn mútum og spillingu

307 Viðskiptagjafir

308 Upplýsingaöryggi

309 Persónuvernd

310 Hver svarar fjölmiðlum?

311 Samfélagsmiðlar

Gæða- og matvælaöryggi

Gæði eru einn mikilvægasti hluti starfsemi okkar. Hugsunin um gæði og matvælaöryggi á að vera samofin öllum okkar aðgerðum og erum við vottaður matvælaframleiðandi samkvæmt ISO/FSSC 22000 staðlinum.

Gæðaímynd

- Vörur okkar eru fyrsta flokks og gæðum ekki fórnað
- Vörumeðhöndlun er í samræmi við bestu þekktar aðferðir á hverjum tíma
- Heildarupplifun viðskiptavina af samskiptum fari fram úr væntingum
- Kröfur eru uppfylltar af okkar hagsmunaaðilum
- Alltaf sé leitað leiða til umbóta, því við lærum af mistökum og hugsum án takmarkana
- Búum yfir vel menntuðu og þjálfuðu starfsfólki sem sýni fagþekkingu, færni, metnað og frumkvæði við störf sín
- Stuðlum að ánægju starfsfólks og vellíðan í starfi, að starfsfólk fái tækifæri til að afla sér nýrrar þekkingar, tileinka sé nýjar aðferðir og miðla upplýsingum og þekkingu

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

301 Viðskiptavinir

302 Birgjar

303 Gæða- og matvælaöryggi

304 Ábyrg markaðssetning

305 Samkeppnislög

306 Stefna gegn mútum og spillingu

307 Viðskiptagjafir

308 Upplýsingaöryggi

309 Persónuvernd

310 Hver svarar fjölmiðlum?

311 Samfélagsmiðlar

Ábyrg markaðssetning

Ölgerðin selur vörur sem geta haft skaðleg áhrif á neytandann sé þeirra neitt í óhófi. Ölgerðin leggur áherslu á að þróa vörur sem eru hollari og betri fyrir neytandann. Við leggjum áherslu á minni sykur eða sykurlausa drykki og byggjum upp úrval áfengislausra valkosta.

Við berum ábyrgð á að markaðssetja okkar vörur með ábyrgum og upplýsandi hætti til neytenda. Við viljum styðja okkar neytendur við val á hollari og sjálfbærari valkostum.

Við gætum þess að öll sölu- og markaðsstarfsemi sé í samræmi við gildandi lög og reglur í landinu hverju sinni. Í tengslum við þetta viljum við minna sérstaklega á þessi atriði:

- Við höfum allar nauðsynlegar upplýsingar á vöruumbúðum okkar svo að neytendur geti tekið upplýsta ákvörðun
- Við yfirseljum ekki eða segja ranglega frá eiginleikum vöru
- Við notum ekki villandi eða ósannar fullyrðingar
- Við höldum ekki fram áhrifum sem ekki eru sannreynd
- Við hvetjum til hóflegrar neyslu

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

301 Viðskiptavinir

302 Birgjar

303 Gæða- og matvælaöryggi

304 Ábyrg markaðssetning

305 Samkeppnislög

306 Stefna gegn mútum og spillingu

307 Viðskiptagjafir

308 Upplýsingaöryggi

309 Persónuvernd

310 Hver svarar fjölmiðlum?

311 Samfélagsmiðlar



Samkeppnislög

Samkeppnisréttarstefna

Ölgerðin stundar virka samkeppni og gætir þess að samningar og samskipti við viðskiptavinina séu í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og sátt Ölgerðarinnar við Samkeppniseftirlitið dags. 14. maí 2020, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2020.

Tilgangur samkeppnisréttarstefnu er að tryggja fagleg vinnubrögð og lágmarka samkeppnisréttarlega áhættu í starfsemi.

Fylgni:

- Reglubundin fræðsla á samkeppnislögum
- Ítarleg fræðsla til starfsfólks í söludeildum
- Mótæla viðtöku á viðskiptatengdum upplýsingum
- Samkeppnisréttarleg áhætta metin í starfseminni

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

- 301 Viðskiptavinir
- 302 Birgjar
- 303 Gæða- og matvælaöryggi
- 304 Ábyrg markaðssetning
- 305 **Samkeppnislög**
- 306 Stefna gegn mútum og spillingu
- 307 Viðskiptagjafir
- 308 Upplýsingaöryggi
- 309 Persónuvernd
- 310 Hver svarar fjölmiðlum?
- 311 Samfélagsmiðlar



Stefna gegn mútum og spillingu

Hvað eru mútur?

Mútur fela í sér að bjóða, lofa, gefa, þiggja eða sækjast eftir mútugreiðslu. Mútugreiðsla getur verið í formi fjármuna, hvata eða verðmæta af öðrum toga og er ætluð til að hvetja til aðgerða sem eru ólöglegar, siðlausar eða óviðeigandi.

Hvað er spilling?

Misnotkun á valdi eða stöðu í þágu einkahagsmuna.

Stefna gegn mútum og spillingu

Við gerum okkur grein fyrir því að orðspor Ölgerðarinnar er mikilvægasta eign fyrirtækisins og við leggjum okkur fram við að vernda og bæta það.

Við fylgjum hvívetna öllum lögum og reglum sem okkur snerta. Við erum heiðarlegt

keppnisfólk sem keppir af krafti og styður við frjálsa samkeppni.

Við látum ekki persónulega hagsmuni hafa áhrif á störf okkar fyrir Ölgerðina.

Mútur, ólögleg góðvild og hvers kyns spilling, hvort sem hún er gefin eða móttekin er ekki leyfileg og verður ekki liðin hjá Ölgerðinni.

Ef Ölgerðin styrkir stjórnmalaflokk skal gæta þess að allir flokkar sem sækja um fái jafnt framlag.

Ölgerðin tekur þátt í að styrkja góðgerðarstarfsemi. Gæta þarf að heilleika góðgerðarstarfseminnar áður en ákveðið er að styrkja. Styrkumsóknir fara allar í gegnum heimasíðu Ölgerðarinnar.

Hægt er að tilkynna mútur og spillingu nafnlaust á netinu eða til næsta yfirmanns.

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

- 301 Viðskiptavinir
- 302 Birgjar
- 303 Gæða- og matvælaöryggi
- 304 Ábyrg markaðssetning
- 305 Samkeppnislög
- 306 **Stefna gegn mútum og spillingu**
- 307 Viðskiptagjafir
- 308 Upplýsingaöryggi
- 309 Persónuvernd
- 310 Hver svarar fjölmiðlum?
- 311 Samfélagsmiðlar

Viðskiptagjafir

Hvað eru viðskiptagjafir?

Viðskiptagjafir eru allt það sem er verðmætt sem gefið er fyrir hönd fyrirtækisins, eða móttakið af starfsmanni frá viðskiptavini eða birgi til að byggja upp viðskiptavild eða frekari viðskiptatengsl, án þess að búist er við öðru í staðinn.

Viðskiptagjafir

- Við tilkynnum viðskiptagjafir, máltíðir, skemmtanir, boðsferðir eða annað sem talið er verðmætt til næsta yfirmanns og fáum samþykki ef vilji er fyrir að þiggja.
- Við tilkynnum til yfirmanns öll eigna- eða venstatengsl við viðskiptavini eða birgja.
- Við tökum ekki ákvarðanir í starfi sem tengjast á einhvern hátt ættingjum eða maka.

- Við þiggjum hvorki né bjóðum gjafir, greiða eða aðra umbun sem eru til þess fallnar að hafa áhrif á sjálfstæði eða hlutleysi viðkomandi.
- Áður en tekið er á móti gjöf eða gjöf er gefin verður að tryggja að henni sé ekki ætlað að hafa áhrif á viðskiptaákvörðun, sé án hættu á orðsporsskaða og leyfileg samkvæmt okkar reglum og reglum þeirra sem gefa eða taka á móti gjöf.
- Aldrei gefa gjafir eða taka á móti gjöfum meðan á samningagerð stendur eða þegar tími fyrir endurnýjun á samningum eða tilboðum nálgast.

Óhóflegar gjafir

Viðskiptagjafir sem ekki teljast hóflegar skal hafna eða skila strax í samráði við næsta yfirmann. Ef ekki er viðeigandi að skila gjöfinni skal farga henni á viðeigandi hátt.

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

- 301 Viðskiptavinir
- 302 Birgjar
- 303 Gæða- og matvælaöryggi
- 304 Ábyrg markaðssetning
- 305 Samkeppnislög
- 306 Stefna gegn mútum og spillingu
- 307 Viðskiptagjafir
- 308 Upplýsingaöryggi
- 309 Persónuvernd
- 310 Hver svarar fjölmiðlum?
- 311 Samfélagsmiðlar



Upplýsingaöryggi

Stefna

- Ölgerðin skuldbindur sig til að hámarka öryggi upplýsinga félagsins, starfsfólks og viðskiptavina með tilliti til leyndar, réttleika og tiltækileika.
- Ölgerðin stuðlar að virkri öryggisvitund m.a. með fræðsluefni til starfsfólks.
- Ölgerðin vinnur að stöðugum umbótum og greinir tækifæri og áhættur varðandi upplýsingaöryggi.

Netárásir

Ölgerðin er með virkt kerfi sem fylgist með netárásum og setur upp öryggisreglur til að varna slíku. Allt starfsfólk hefur hlutverk í því að reyna að koma í veg fyrir netárásir

- Aldrei smella á linka sem koma frá sendanda sem er óþekktur, sendanda sem sendir þér ekki vanalega linka eða linka sem virðast grunsamlegir
- Notaðu sterk lykilorð og aldrei gefa þau upp

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

- 301 Viðskiptavinir
- 302 Birgjar
- 303 Gæða- og matvælaöryggi
- 304 Ábyrg markaðssetning
- 305 Samkeppnislög
- 306 Stefna gegn mútum og spillingu
- 307 Viðskiptagjafir
- 308 Upplýsingaöryggi**
- 309 Persónuvernd
- 310 Hver svarar fjölmiðlum?
- 311 Samfélagsmiðlar



Persónuvernd

Persónuverndarstefna

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. hefur einsett sér að tryggja

áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan félagsins.

Persónuverndarstefna er ætluð til að upplýsa um hvaða persónuupplýsingar félagið safnar, með hvaða hætti félagið nýtir persónuupplýsingar og hverjir fá aðgang að upplýsingunum.

Persónuverndarfulltrúi

Persónuverndarfulltrúi Ölgerðarinnar hefur umsjón með eftirfylgni persónuverndarstefnu Ölgerðarinnar. Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa í gegnum tölvupóst: personuvernd@olgerdin.is

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

- 301 Viðskiptavinir
- 302 Birgjar
- 303 Gæða- og matvælaöryggi
- 304 Ábyrg markaðssetning
- 305 Samkeppnislög
- 306 Stefna gegn mútum og spillingu
- 307 Viðskiptagjafir
- 308 Upplýsingaöryggi
- 309 Persónuvernd**
- 310 Hver svarar fjölmiðlum?
- 311 Samfélagsmiðlar



Hver svarar fjölmiðlum

Forstjóri Ölgerðarinnar er talsmaður félagsins í umboði stjórnar. Forstjóri getur veitt öðru starfsfólki heimild til að tjá sig um afmarkaða þætti starfseminnar en að öðru leyti skal starfsfólk ekki tala fyrir hönd fyrirtækisins.

Allar fyrirspurnir sem berast til starfsfólks, t.d. frá fjölmiðlum, skulu fara í gegnum sérfræðing í stafrænum samskiptum sem áframsendir fyrirspurnina til viðeigandi aðila þegar það á við.

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

- 301 Viðskiptavinir
- 302 Birgjar
- 303 Gæða- og matvælaöryggi
- 304 Ábyrg markaðssetning
- 305 Samkeppnislög
- 306 Stefna gegn mútum og spillingu
- 307 Viðskiptagjafir
- 308 Upplýsingaöryggi
- 309 Persónuvernd
- 310 Hver svarar fjölmiðlum?**
- 311 Samfélagsmiðlar



Samfélagsmiðlar

Viðskiptavinurinn er í fyrsta sæti hjá okkur og við viljum að samskipti okkar séu ávallt til fyrirmyndar.

Aldrei skal gefa til kynna að talað sé fyrir hönd Ölgerðarinnar þegar tekið er þátt í umræðum á netinu. Aldrei skal gefa upp persónulegar upplýsingar um starfsfólk, neytendur, viðskiptavini, gesti eða aðrar upplýsingar um Ölgerðina. Við hvetjum til jákvæðra samskipta og munum að fordómar og niðrandi efni getur lifað að eilífu.

Ef grunur vaknar um rangar fullyrðingar um fyrirtækið á samfélagsmiðlum þá á ekki að svara þeim þráðum þótt ætlunin sé að reyna að stýra umræðunni í rétta átt. Svör geta verið rangtúlkuð sem getur verið skaðlegt fyrir hagsmunaaðila fyrirtækisins. Við fylgjum ströngum lögum um hvernig upplýsingar eru birtar frá fyrirtækjum á markaði. Rétt leiðin er að láta aðstoðarforstjóra vita ef grunur er um rangar fullyrðingar á samfélagsmiðlum.

3 Markaðsumhverfi og viðskiptahættir

- 301 Viðskiptavinir
- 302 Birgjar
- 303 Gæða- og matvælaöryggi
- 304 Ábyrg markaðssetning
- 305 Samkeppnislög
- 306 Stefna gegn mútum og spillingu
- 307 Viðskiptagjafir
- 308 Upplýsingaöryggi
- 309 Persónuvernd
- 310 Hver svarar fjölmiðlum?
- 311 Samfélagsmiðlar



Starfs- og siðareglur
Starfsfólk og birgjar

Samþykkt af stjórn Ölgerðarinnar apríl 2024